

**Starfshópur um endurskoðun kosningalaga**  
**9. fundur þriðjudaginn 30. apríl 2019 kl. 8.30**  
**Nefndasvið Alþingis**

**FUNDARGERÐ**

**Mætt:** Bryndís Hlöðversdóttir (BH), Þórir Haraldsson (ÞH), Magnús Karel Hannesson (MKH) og Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson (ÞHP). Einnig sat fundinn Þórhallur Vilhjálmsson (ÞV) og Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG) sem jafnframt ritaði fundargerð. Ástríður Jóhannesdóttir (ÁJ) forfallaðist.

**1. Fundargerð síðasta fundar.**

Samþykkt.

**2. Markmiðsákvæði frumvarps.**

Fyrir fundinn lágu drög að skýringum með markmiðsákvæði sem sett var niður á síðasta fundi. Bent á að í skýringum mætti fjalla meira um íslensk lögskýringargögn, t.d. dómaframkvæmd hér á landi, í stað þess að vísa eingöngu til kosningahandbókar ÖSE. Ákveðið að óska eftir yfirllestri ákvæðisins hjá Hauki Hannessyni, skjalalesara hjá nefndasviði Alþingis.

**3. Breyting á ákvæðum um aðstoð fyrir fatlað fólk.**

LHG skýrir frá samtali við Halldór Gunnarsson, umsjónarmann réttindagæslumanna fyrir fatlað fólk hjá Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar. Að hans sögn hefur framkvæmdin gengið eftir eins og lagaákvæðið mælir fyrir um í dag og réttindagæslumenn gefið út vottorð um aðstoð við fatlaða. Vandamálið er aftur á móti að þessi hópur hefur almennt ekki verið að nýta sér kosningarétt sinn. Halldór benti á að nýting grundvallarréttar eins og kosningaréttar ætti að veða þyngra en hætta á kjósendi verði fyrir utanaðkomandi áhrifum. Skilyrðið um að aðstoðarmaður geti bara aðstoðað einn fatlaðan einstakling við að greiða atkvæði hefur ekki verið vandamál í framkvæmd.

Farið yfir tillögu að nýju ákvæði um aðstoð við atkvæðagreiðslu á kjörfundi ásamt skýringum. Starfshópurinn er sammála um að áherslan á að vera á rétt kjósendans og framkvæmd ætti að byggja á trausti. Takmarkanir koma síðan í 2.-4. mgr. Ákvæði einfaldað og hljóðar nú:

*„Kjósendi á rétt til aðstoðar við atkvæðagreiðsluna. Aðstoð skal veitt af þeim úr kjörstjórninni sem kjósendi tilnefnir eða aðstoðarmanni, sem fylgir kjósenda á kjörstað.*

*Aðstoð skal því aðeins veita að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir frá því hvernig hann vill greiða atkvæði.*

*Aðstoðarmanni kjósanda er skylt að fara að fyrirmælum kjósanda og hann er bundinn þagnarskyldu um það sem honum og kjósanda fer á milli í kjörklefanum.*

*Frambjóðandi eða maki frambjóðanda, börn, systkini eða foreldrar mega ekki veita aðstoð við atkvæðagreiðslu.*

*Við atkvæðagreiðslu á kjörfundi er aðstoðarmanni kjósandans óheimilt að gerast aðstoðarmaður fleiri en þriggja kjósenda við sömu kosningu.“*

Ákvæðið ásamt drögum að skýringum hafði verið borið undir Þroskahjálp sem leist vel á það. Samtökin komu með tvær ábendingar; annars vegar að nota orðið aðstoðarmaður í stað fulltrúa og hins vegar að bæta við umfjöllun um 3. mgr. 12. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna í skýringarnar (um að fötluðu fólki skuli veitt aðstoð við að nýta gerhæfi sitt). Ákveðið að LHG sendi vinnuskjalið einnig til ÖBÍ til umsagnar.

Rætt um takmarkanir á fjölda kjósenda sem aðstoðarmaður geti aðstoðað við að greiða atkvæði. Ákveðið að rétt væri að miða við að aðstoðarmaður aðstoði ekki fleiri en þrjá kjósendur við sömu kosningar.

Rætt um fræðslu kjörstjórna þegar kjósandi kæmi í fylgd aðstoðarmanns. Einn möguleiki væri að útbúið yrði eyðublað sem aðstoðarmaður undirritar um að honum hafi verið gerð grein fyrir takmörkunum 2.-4. mgr. Einnig þarf að ákveða hvernig kjörstjórnir bóka í gerðarbók að aðstoð hafi verið veitt og hver veitti hana.

#### **4. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla**

Fyrir fundinn lágu minnispunktar um tillögur fyrri vinnuhóps frá 2016 og ábendingar sem núverandi starfshópi hafa borist. Einnig tafla yfir mismunandi leiðir við að koma atkvæða til skila á Norðurlöndum. Í umræðum kom m.a. fram:

- Áhersla starfshópsins ætti að vera á kjósandann og aukið aðgengi hans við að koma atkvæði til skila, eflingu lýðræðis og aukningu kosningaþátttöku.
- Samband íslenskra sveitarfélaga hefur lagt áherslu á að kannaðir verði kostir þess að sveitarfélög annist alfarið framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu í samræmi við framkvæmd í öðrum norrænum ríkjum. Tillögur fyrri vinnuhóps frá 2016 gengu ekki svo langt.
- Á það hefur verið bent að það gæti orkað tvímælis að pólitískt kjörnir fulltrúar skipi starfsmenn sína til að annast utankjörfundaratkvæðagreiðslu t.d. við sveitarstjórnarkosningar – nálægðin gæti orðið vandamál. Sveitarfélög eru misfjöldmenn og misburðug. Í umræðum kom einnig fram að sumir teldu að þetta ætti ekki að vera vandamál hér á landi frekar en annars staðar á Norðurlöndum.
- Sú leið að sýslumenn skipi kjörstjóra á vegum sveitarfélaga hefur gefist vel og verið notuð við forsetakosningar og tvær síðustu Alþingiskosningar.

Bent á að nú þurfi að taka næsta skref í þessum málum þar sem þetta er heimildarákvæði en ekki skylda.

- Rætt um hvernig kjósendum erlendis verði gert auðveldara fyrir að skila sínu atkvæði. Ljóst að ekki er raunhæft að leggja til rafrænar kosningar. Bréfkosningar fyrir þá sem búsettir eru erlendis tíðkast í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi. Það gæti verið möguleg leið til að auðvelda aðgengi kjósenda og er í góðu samræmi við drög að markmiðsákvæði kosningalaga.
- Rætt um hvort stíga eigi það skref að takmarka kosningaréttinn við að kjósendum verði eingöngu heimilt að greiða atkvæði einu sinni; annaðhvort á kjörfundi eða utankjörfundar. Það myndi fara ágætlega saman við markmið um aukið aðgengi að utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Fundarmenn sammála um að aðalmarkmiðið ætti að vera að auka aðgengi að utankjörfundaratkvæðagreiðslu

Ákveðið að LHG útbúi tillögur að ákvæðum um bréfkosningar og útfærslu á ábyrgð á utankjörfundaratkvæðagreiðslum fyrir næsta fund.

Fundi slitið kl. 9:50.